

Fjarðabyggð
Kamma Dögg Gísladóttir
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 24. janúar 2023
UST202212-188/B.S.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Skíðamiðstöð í Oddsskarði. Umsögn

Vísað er til erindis Fjarðabyggðar dags. 19. desember 2022 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Skipulagssvæðið er um 90 ha og er markmið með deiliskipulaginu að setja ramma utan um núverandi starfsemi og að unnt verði að stunda skíðaiþróttina á svæðinu án hættu vegna snjóflóða. Til að það verði unnt er talið nauðsynlegt að flytja þau mannvirki sem eru á skilgreindu hættusvæði.

Í Oddsskarði hefur verið rekið skíðasvæði síðan 1980. Hér er um að ræða framkvæmdir sem taldar eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi fólks á svæðinu. Auk mannvirkja tengdum skíðaiðkun er þarna aflagður þjóðvegur um skarðið og Oddsskarðsgöng sem nú eru lokuð. Háspennulína liggur um svæðið.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið að öðru leyti en því að til fyrirmyndar er að nýta efni úr aflögðum vegi í framkvæmdir á svæðinu í stað þess að opna nýja námu eða sækja efni um langan veg.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur